

Mættir á fundinn: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM). Fundinn sitja Auður Jörundsdóttir, framkvæmdarstjóri KÍM og Klara Þórhallsdóttir verkefnastjóri sem ritar fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.  
Fundargerð samþykkt án athugasemdar og undirrituð.
2. Úthlutun og fjármál  
Fjármálaáætlun fyrir seinni úthlutun árið 2020 staðfest.  
Rætt var um að breyta fyrirkomulagi við úthlutun á viðurkenningarskjölum. Viðburðurinn, sem hefur farið fram í desember, er ekki sérlega vel sóttur og augnablikið liðið. Vegna COVID er ekki ráðlegt að vera með fjölmenna viðburði og rætt var um að vekja frekar sérstaka athygli á völdum verkefnum í fjölmiðlum um leið og úthlutun liggur fyrir.
3. Skipun matsnefnda vegna seinni úthlutunar. Fulltrúar úr ráði eru Guðrún Erla Geirsdóttir og Hlynur Helgason.

Flokkarnir skiptast á tvær matsnefndir og eru eftirfarandi:

Stærri sýningarverkefni, útgáfu- og rannsóknastyrkir, aðrir styrkir: Guðrún Erla Geirsdóttir  
Undirbúningsstyrkir og minni sýningarverkefni: Hlynur Helgason  
Matsnefndir klára sína vinnu 10 sept. Myndlistarráð fjallar um þær 14 sept. Úthlutanir verða tilkynntar 17. september.

4. Myndlistarverðlaun og nýjar viðbætur  
Ákveðið var að bæta við tvennum viðurkenningum á Myndlistarverðlaununum, þ.e. að útnefna heiðurslistamann og veita viðurkenningu fyrir bók eða veigamikila sýningarskrá. Kalla þarf eftir útgáfum til að fjalla um og sjá hversu mikið er gefið út.
5. Merki myndlistarsjóðs  
Skoða betur að ári
6. Önnur mál.  
Rætt var um þá tillögu að Kynningarmiðstöð ísl. myndlistar myndi kynna íslenska myndlist og fá aukið fjármagn til að sinna því þar sem enginn er að sinna því sérstaklega. Til samanburðar hefur verið horft til Hönnunarmiðstöðvar sem gegnir tvíþættu hlutverki að kynna íslenska hönnun hérlendis sem og erlendis. Myndlistarráð styður tillöguna.

Fundi slitið kl. 9:45

Næsti fundur 14. september kl. 8:30